

## Heimanám í Dalvíkurskóla

### Í 5. grein reglugerðar um um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum stendur:

Foreldrar gæta hagsmuna barna sinna og ber að stuðla að því að þau stundi nám sitt. Þeim ber að fylgjast með námsframvindu í samvinnu við þau og kennara. Foreldrar skulu fá tækifæri til að taka þátt í námi barna sinna, sem og í skólastarfinu almennt í samráði við umsjónarkennara og skólastjórnendur.

#### Markmið heimanáms

- Að heimanám sé samstarfsverkefni heimilis og skóla
- Að efla lestrarfærni og lesskilning nemenda.
- Að efla nemandann sem námsmann, dýpka skilning hans og auka hæfni.
- Að hluti heimanáms tengist áhugamálum nemanda.
- Að foreldrar fái tækifæri til að sjá verkefni sem barnið sitt vinnur að.

Foreldrar geta óskað eftir auknu heimanámi í samráði við barnið sitt og umsjónakennara.

Með lestri og lestrartengdum verkefnum er átt við yndislestur og lestur námsefnis ásamt verkefnum því tengdu.

#### 1.-4. bekkur

Lestur er heimanám 5 daga vikunnar. Heimanám fer heim einu sinni í mánuði og hafa nemendur viku til að leysa það. Verkefni sem fara heim eru tengd því námi sem barnið er að sinna í skólanum s.s. stærðfræði, skrift og lestrartengd verkefni. Auk þess getur verið hluti af heimanámi að nemandi vinni að því að ná námsmarkmiðum sínum.

#### 5. og 6. bekkur

Lestur er heimanám 5 daga vikunnar. Heimanám fer heim tvisvar sinnum í mánuði og hafa nemendur viku til að leysa það. Verkefni sem fara heim eru tengd því námi sem barnið er að sinna í skólanum s.s. stærðfræði, skrift og lestrartengd verkefni. Auk þess getur verið hluti af heimanámi að nemandi vinni að því að ná námsmarkmiðum sínum.

#### 7.-10. bekkur

Lestur lestrartengd verkefni og að minnsta kosti eitt stærra verkefni á önn (ritgerðir og sköpunarverkefni). Auk þess er hluti af heimanámi að nemandi vinni að því að ná námsmarkmiðum sínum. Ítarefni og annað heimanám í samráði við nemendur, foreldra og kennara. Á stundaskrá nemenda í 7. – 10. bekk eru tímar vikulega, þar sem nemendur hafa tækifæri á að vinna í verkefnum og heimanámi.